

**Ed.**

**202. Nefndarálit**

[58. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Af húsrými bændahallarinnar við Hagatorg í Reykjavík mundi  $\frac{1}{8}$  hluti nægja vel yfir starfsemi Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í nánustu framtíð. Meginhluti hallarinnar, eða um  $\frac{7}{8}$  hlutar hennar, er hótél og skrifstofu- og verzlunarhúsnæði, sem bændastéttin mun aldrei nota til eigin þarfa. Tel ég ekki koma til mála að skattleggja bændastéttina sérstaklega til að standa undir kostnaði við slíkar framkvæmdir, enda þyrfti ekki að framlengja gjald þetta nú, ef eingöngu hefði verið byggt yfir starfsemi Búnaðarfélagsins og Stéttarsambandsins. Á því eru miklar líkur, að skattgjald þetta, ef lagt verður á, muni um næstu framtíð ekki einungis verða framlag upp í byggingarkostnað, heldur verði það varanleg kvöð á bændastéttina til að standa undir væntanlegum rekstrarhalla á Hótél Sögu. Gjald sem þetta er ekki fært að leggja á heila stétt án hennar samþykkis, enda liggur ekkert fyrir um það, að bændur almennt vilji una þessari álagningu. Afstaða búnaðarþings breytir þar engu. Á slíku þingi, sem telur nauðsynlegt að leggja gjaldkvöð á bændur til að byggja hótél í Reykjavík fyrir erlenda ferðamenn, en telur fráleitt að láta bændur greiða í sjóð til að kosta ræktun landsins og húsaþbyggingar á jörðum, verður ekkert mark tekið.

Ég legg til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 17. des. 1962.

Jón Þorsteinsson.